

## Kæru foreldrar/forráðamenn

Nú fer að líða að lokum skólaársins og vordagarnir framundan. Við verðum að vanda mikið útivið og því er mikilvægt að nemendur komi vel klæddir eftir veðri og hafi einnig með sér lítinn bakpoka (sundpoka) sem þeir geta borið með sér fyrir drykki á ferðum sínum. Vordagarnir eru skertir nemenda dagar og verður dagskráin frá **kl. 9:00 til 12:00**. Það er mikilvægt að **nemendur borði vel áður en þeir koma í skólann** þar sem **ekki er gert ráð fyrir nestistíma** þessa daga. Nemendur verða þó að hafa með sér drykki (safa eða vatn í flösku) svo þeir hafi e-ð að drekka á ferðum sínum og með hádegismatnum þegar grillað er úti.

## Dagskrá vordaganna verður sem hér segir:

### Mánudagur 30. maí : Skipulagsdagur kennara – Kennsla fellur niður

#### Þriðjudaginn 31 maí:

- 1.-4. bekkur:** Nemendur **mæta kl. 9:00**. Farið verður upp á Stapa, sáð grasfræjum og áburði. Þá verður farið í leiki í fjörunni. Nemendur hafa með sér góða vettlinga og drykki í bakpoka. Nemendur fá hádegismat í mötuneytinu og fara heim að honum loknum. Nemendur sem eru í Frístund fara þangað að hádegismat loknum.
- 5.-7. bekkur:** Nemendur **mæta kl. 9:00** Farið verður að Háabjalla og gróðursett tré og grillaðar pylsur (hádegismaturinn) á staðnum. Athugið að nemendur þurfa að hafa drykki með sér eða vatnsflösku til að skola matnum niður með. Nemendur fara heim að lokinni ferð milli kl.12:00-12:30.
- 8.-9. bekkur:** **Skólympíuleikarnir.** Nemendur **mæta kl.9:00**. Fjölbreytt íþróttadagskrá í boði. Í hádeginu verður boðið upp á pylsur í mötuneytinu og farið heim að því loknu.
- 10. bekkur:** Ferðalag á Suðurlandi – bréf með nánari upplýsingum um tímasetningar og dagskrá sent fljótlega.

#### Miðvikudagur 1.júní:

- 1.-4. bekkur:** Nemendur mæta **kl. 9:00**. Farið verður að Háabjalla í leiki og grillað. Nemendur hafi með sér tvo drykki (safa eða vatn í flösku). Að sáningu lokinni verða grillaðar pylsur sem er hádegismaturinn. Nemendur fara heim að lokinni ferð upp úr. kl. 12:00. Nemendur sem eru í Frístund fara þangað að hádegismat loknum.
- 5-7. bekkur:** Nemendur mæta **kl. 8:25** – Farið verður í Kaldárselshella og leggur **rútan af stað kl.8:30**. Nemendur verða að hafa með sér **þykka húfu, vettlinga og gott vasaljós** þar sem farið verður ofan í nokkra hella. Komið vel skóuð og klædd fötum sem þola að skriðið sé t.d. í hrauni. Nemendur hafa með sér smá nesti og drykk í flösku (vatn/safa). Nemendur borða hádegismat í mötuneyti skólans og fara heim að því loknu.
- 8.-9. bekkur:** Nemendur mæta **kl. 10:15**. Farið í Lasertak í Reykjavík, rútan leggur strax af stað. Nemendur fá pizzu í ferðinni og borða því ekki hádegismat í skólanum þennan dag.
- 10. bekkur:** Ferðalag á Suðurlandi - bréf með nánari upplýsingum um tímasetningar og dagskrá sent fljótlega.

#### Fimmtudagur 2. júní:

##### Sýning á verkum nemenda kl. 11:00-15:00

Á sýningunni verður sýnt úrval af verkum nemenda og í einni stofu verða sýnd námsgögn frá gamalli tíð. Nemendur í 6.bekk verða með tombólu og kaffisölu sem er liður í fjáröflun fyrir væntanlega Reykjaferð bekkjarins á næsta skólaári.

- Skólaslit:** 1.- 7. bekkur kl. 16 :00  
8. - 10. bekkur kl. 17:00

Bestu kveðjur, starfsfólk Stóru-Vogaskóla.